

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 30. janúar 1978

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi efni og hluti sem innihalda vínýlklóríðeinliður og ætlað er að komast í snertingu við matvæli

(78/142/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/893/EBE frá 23. nóvember 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽¹⁾, einkum 3. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í 2. gr. tilskipunar 76/893/EBE er kveðið á um að efni og hlutir megi ekki gefa frá sér efni í matvæli í svo ríkkum mæli að heilsu manna kunni að stafa hættu af.

Í 3. gr. sömu tilskipunar er kveðið á um að ráðið, samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 100. gr. sáttmálans, samþykki með tilskipunum sérstök ákvæði sem gilda skulu um tiltekna hópa efna og hluta (sértilskipanir). Þessi ákvæði mega fela í sér tiltekin flæðimörk ákveðinna efna í eða á matvæli sem og aðrar reglur til að tryggja að 2. gr. nefndrar tilskipunar sé virt.

Stórir skammtar af vínýlklóríðeinliðum hafa skaðleg áhrif á tilraunadýr og kynnu að hafa sömu áhrif á menn.

Vísindanefndin um matvæli hefur sent frá sér álit um að draga beri úr magni vínýlklóríðeinliða í pólývínýlklóríði og skyldum fjölliðum svo sem frekast er unnt og lagði um leið til að með aðferð sem flestar rannsóknarstofur geta almennt notað á flestöllum matvæli mætti ekki finnast vottur af vínýlklóríði í matvælum eða drykkjarvatni.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 340, 9. 12. 1976, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 118, 16. 5. 1977, bls. 70.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 114, 11. 5. 1977, bls. 13.

Frekari rannsóknir fara nú fram á vínýlklóríðeinliðum, en takmarka ber neyslu þeirra í varúðarskyni þar til niðurstöður liggja fyrir.

Til að ná þessu markmiði er rétt að setja sértilskipun í skilningi 3. gr. tilskipunar 76/893/EBE og gilda almenn ákvæði hennar einnig í þessu tilviki.

Þó snertir þessi tilskipun ekki allar hliðar varðandi efni og hluti úr vínýlfjölliðum eða samfjölliðum og því ber að heimila aðildarríkjunum að þau láti vera að krefjast þess að á merkimiðunum séu þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í 7. gr. tilskipunar 76/893/EBE í samræmi við álit sem kveðið er á um í 4. og 5. gr. þeirrar greinar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi tilskipun er sértilskipun í skilningi 3. gr. tilskipunar 76/893/EBE.

2. Þessi tilskipun varðar vínýlklóríðeinliður sem fyrirfinnast í og flæða hugsanlega frá efnum og hlutum sem eru gerðir úr vínýlklóríðeinliðum eða samfjölliðum, hér á eftir kallað „efni og hlutir“, og er ætlað að komast í snertingu við matvæli eða eru í snertingu við matvæli og eru ætlaðir til þess.

2. gr.

1. Efni og hlutir mega ekki innihalda vínýlklóríðeinliður í meira magni en mælt er fyrir um í I. viðauka.

2. Efni og hlutir mega ekki menga matvæli sem eru eða hafa verið sett í snertingu við efni og hluti sem í hefur fundist vottur af vínýlklóríði með aðferðinni sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru í II. viðauka.

3. gr.

Greiningaraðferðin sem er nauðsynleg vegna eftirlits með því hvort farið sé að 2. gr. skal samþykkt í samræmi við málsmeðferðina í 10. gr. tilskipunar 76/893/EBE og uppfylla skilyrðin í II. viðauka.

4. gr.

Ráðið skal endurskoða þessa tilskipun að fenginni skýrslu frá framkvæmdastjórninni, saminni á grundvelli þeirrar vísinda- og tækniþekkingar sem fengist hefur frá því að þessi tilskipun var samþykkt, ásamt viðeigandi tillögum, ef svo háttar. Fyrsta skýrsla framkvæmdastjórnarinnar skal send ráðinu eigi síðar en 1. janúar 1979.

5. gr.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði í landslögum er varða aðrar hugsanlegar reglur sem kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 76/893/EBE eða þá möguleika sem aðildarríkin hafa samkvæmt 4. og 5. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilgætt til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 26. nóvember 1979. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríki er heimilt að fresta framkvæmd 2. mgr. 2. gr. og II. viðauka þar til greiningaraðferð innan bandalagsins, svo sem krafist er í 3. gr., hefur verið samþykkt.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. janúar 1978.

Fyrir hönd ráðsins,

P. DALSGER

forseti.

*I. VIÐAUKI***Hámarks magn vínýklóríðeinliða í efnum og hlutum**

Eitt millígramm fyrir hvert kílógramm í fullunninni vöru.

*II. VIÐAUKI***Skilyrðin sem gilda um aðferð við ákvörðun á magni vínýklóríðs í efnum og hlutum og við ákvörðun á vínýklóríði sem efni og hlutir gefa frá sér**

1. Við ákvörðun á magni vínýklóríðs í efnum og hlutum og magni vínýklóríðs sem efni og hlutir gefa frá sér út í matvælin er notuð gasgreining með „head-space“ aðferðinni.
 2. Greiningarmörkin við ákvörðun á vínýklóríði sem efni og hlutir gefa frá sér út í matvælin skulu vera 0,01 mg/kg.
 3. Vínýklóríð sem efni og hlutir gefa frá sér út í matvæli er ákvarðað í matvælunum sjálfum. Þegar ákvörðun í tilteknum matvælum reynist óframkvæmanleg vegna tæknilegra ástæðna er aðildarríkjunum heimilt að leyfa ákvörðun með hermum fyrir þessi tilteknu matvæli.
-